



3. bekkur

2021-2022

Handbók



Flataskóli

Efnisyfirlit

Kennarar árgangsins	4
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	4
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	4
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	4
Samskipti kennara við foreldra.....	4
Lýsing á starfinu í árganginum.....	5
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	5
Kennslustundir og námsgreinar	5
Helstu viðfangsefni nemenda.....	5
Stundaskrá.....	5
Heimanám	6
Náms og skemmtiferðir.....	6
Vinabekkir.....	6
Skólasókn og viðbrögð.....	6
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	7
Námsáætlun skólaársins 2021-2022	8
Hæfnimiðað nám.....	8
Námsmat	8
Skipulag kennslunnar	8
Námsáætlun	9

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Andri Freyr Björnsson	Umsjónarkennari
Erna Þorleifsdóttir	Umsjónarkennari
Rakel Svansdóttir	Umsjónarkennari
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttakennari
Atli Jóhannesson	Íþróttakennari
Hannes Ingi Geirsson	Íþróttakennari
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	Textílkennari
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmenntakennari
Rut Ingólfisdóttir Blurton	Smíðakennari
Helga Kristjánsdóttir	Heimilisfræði
Hildur Jakobína Tryggvadóttir	Sviðslistakennari
Hannes Ingi og Atli	Sundkennarar

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Forsenda góðrar námsmenningar er að nemendum líði vel í skólanum, þeir hafi verkefni við hæfi og fái trú á sjálfum sér. Kennarar skapa aðstæður þar sem nemendur geta lært á eigin forsendum og nái árangri miðað við eigin getu. Væntingar eru gerðar til allra en mismunandi eftir einstaklingum. Kennslan er mismunandi eftir greinum, við notfærum okkur flæði nemenda milli kennara til að búa til námshópa, hringekju, Við leggjum áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, hringekjur, hópaskiptingar, litlir námshópar.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Tvisvar í viku eru haldnir stofufundir þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá sig. Stundum er viðfangsefni fundarins valið, það sem brennur á hverju sinni og þarf að ræða og finna sameiginlega lausn á. Aðrir fundir eru með frjálsari umræðu. Við teljum að þetta sé mjög mikilvægt uppá lýðræði bekkjarins og að allir fái að segja sína skoðun. Við ætlum að halda áfram að leggja áherslu á þrjú mismunandi viðfangsefni sem okkur fannst gefa góða raun í fyrra. Kennarar árgangsins skiptu með sér Leiðtogaferni frá KVAN, Hugleiðsla og yoga frá Hugarfrelsi og vináttaþjálfun frá Barnaheill.

Samskipti kennara við foreldra

Við teljum að góð samskipti heimilis og skólans séu forsendur fyrir góðri velferð barnsins. Tvisvar á hverju skólaári eru foreldrasamtöl þar sem farið er yfir nám og líðan barnsins. Ef eitthvað kemur uppá í lífi barnsins sem mögulega getur valdið vanlíðan í skólanum þá viljum við vera upplýst um það.

Gott er að senda alla tölvupósta eða koma skilaboðum áleiðis fyrir klukkan 8:30 eða eftir 13:40. Við munum hafa samband annað hvort með tölvupósti eða hringja eftir því hvert erindið er. Ef skilaboð þarfa að komast til okkar á skólatíma þarf að koma þeim áleiðis til ritara.

Lýsing á starfinu í árganginum

Í stærðfræði leggjum við áherslu á margföldunartöfluna, sem við viljum hafa sem samvinnuverkefni heimilis og skóla. Í íslensku byrjum við á málfræði og munum við tengja í saman í ritunar og lesskilningsverkefni. Í samfélags- og náttúrufræði erum við að vinna með himingeiminn, hafið, húsdýrin og áhugasviðsverkefni. Við ætlum að halda áfram að leggja áherslu á þrjú mismunandi viðfangsefni sem okkur fannst gefa góða raun í fyrra. Kennarar árgangsins skiptu með sér Leiðtogaferni frá KVAN, Hugleiðsla og yoga frá Hugarfrelsi og vináttuþjálfun frá Barnaheill. Við förum í ferðir sem tengjast námsefni vetrarins og stefnum við á Sjóminjasafnið, fjöruferð, sveitaferð á Bjarneyjarsand, Stjörnuverið kemur til okkar. Tvisvar í viku höfum við stofufundi þar sem fyrirkomulag þeirra var kynnt hér að ofan.

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 52 nemendur.

Á 8 vikna fresti færast nemendur milli hópa. Um það bil 1/3 er áfram hjá kennara og hinir færast til. Miðað er við að enginn sé lengur en 2 skipti í einu áður en flutt er á milli staða.

Kennslustundir og námsgreinar

Í 3. bekk eru kenndar eftirfarandi námsgreinar, íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, heimilisfræði, textílmennt, myndmennt, sund, íþróttir.

Helstu viðfangsefni nemenda

Megináhersla er lögð á íslensku og stærðfræði, með beinum og óbeinum hætti í samþættingu við námsgreinar. Helstu viðfangsefni í íslensku eru málfræði, ritun, stafsetning, lestur, orðaforði og lesskilningur. Í stærðfræði er lögð áhersla á samlagningu, frádrátt, margföldun, upplýsingar, tölfraði, rúmfræði og tími og mælingar. Þemaverkefni í samfélags og náttúrufræði, himingeimurinn, hafið, áhugasviðsverkefni og húsdýrin. Í ensku er verið að læra í gegnum leik og söng. Stofufundir eru haldir tvisvar í viku þar sem við hrósum og þökkum og fjöllum um ýmis mál.

Stundaskrá

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30 AB/EP/RS A202/M20 08:50 Morguns	08:30 AB/EP/RS A202/M20 08:50 Heimast	08:30 AB/EP/RS A202/M20 08:50 Morguns	08:30 AB/EP/RS A202/M20 08:50 Heimast	08:30 AB/EP/RS A202/M20 08:50 Morguns
08:50 AB/EP/RS A202/M20 09:30 Heimast	08:50 AB/EP/RS A202/M20 09:30 Heimast	08:50 AB/EP/RS A202/M20 09:30 Heimast	08:50 AJ/HI 09:30 Sund	08:50 AJ/HI/IB 09:30 Íþr
09:30 AJ/HI/IB 10:10 Íþr	09:30 AB/EP/RS A202/M20 10:10 Heimast	09:30 AB/EP/RS A202/M20 10:10 Heimast	09:30 RS 10:10 Heimast	09:30 AB/EP/RS A202/M20 10:10 Heimast
10:10 Frímín. 10:30	10:10 Frímín. 10:30	10:10 Frímín. 10:30	10:10 Frímín. 10:30	10:10 Frímín. 10:30
10:30 AB/EP/RS A202/M20 11:10 Heimast	10:30 AB/EP/RS A202/M20 11:10 Heimast	10:30 HKr/HT/L S216/N11 11:10 Smiðja	10:30 RS 11:10 Heimast	10:30 AB/EP/RS A202/M20 11:10 Heimast
11:10 AB/EP/RS A202/M20 11:50 Heimast	11:10 AB/EP/RS A202/M20 11:50 Heimast	11:10 HKr/HT/L S216/N11 11:50 Smiðja	11:10 AB/EP/RS A202/M20 11:50 Heimast	11:10 AB/EP/RS A202/M20 11:50 Heimast
11:50 Matur 12:10	11:50 Matur 12:10	11:50 Matur 12:10	11:50 Matur 12:10	11:50 Matur 12:10
12:10 Frímín. 12:30	12:10 Frímín. 12:30	12:10 Frímín. 12:30	12:10 Frímín. 12:30	12:10 Frímín. 12:30
12:30 AB/EP/RS A202/M20 13:10 Heimast	12:30 AB/EP/RS A202/M20 12:50 Heimast	12:30 AB/EP/RS A202/M20 13:10 Heimast	12:30 HT/AB/EP A202/M20 13:30 Fjölval	12:30 AB/EP/RS A202/M20 13:10 Heimast
13:10 AB/EP/RS A202/M20 13:30 Heimast	12:50 AB/EP/RS A202/M20 13:30 Hreyf	13:10 AB/EP/RS A202/M20 13:30 Heimast		13:10 AB/EP/RS A202/M20 13:30 Heimast

Heimanám

Heimanámið í 3. bekk er að mestu leyti tengt við heimalestur. Við leggjum áherslu á að nemendur lesi heima að lágmarki 5 sinnum í viku og skrifi orð sem tengjast því sem lesið er. Mjög mikilvægt er að foreldrar hlusti á nemendur og leiðbeini eftir þörfum.

Náms og skemmtiferðir

Fyrirhugað er að fara meðal annars í skíðaferð í Bláfjöll, sveitaferð á Bjarneyjarsand, menningarferðir í Hörpu, Sjóminjasafnið, fjöruferð, berjaferð í hraunið. Margar ferðir í nágrenni skólans.

Vinabekkir

Markmiðið með vinabekkjum er að efla tengsl milli árganga. Eldri nemendur passa uppá yngri þar sem lagt er áherslu á að þetta vinanetið í frímínútum og efla öryggiskennd.

Við stefnum á að hitta okkar vinabekk nokkrum sinnum yfir skólaárið. Það er lögð áhersla á að það sé notaleg og skemmtileg samverustund, spil, leikir, útivera og annað sem okkur dettur í hug að gera saman.

Skólasókn og viðbrögð

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtimaveikindi.

Pegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaförðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólalærdómshandhafa ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólalærdómshandhafa um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólalærdómshandhafa boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjölunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkygning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkygning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði lækni vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.
 Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.



Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Upplýsingar um skráningu í hádegismat](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#) (Þarna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda).

Námsáætlun skólaársins 2021-2022

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiðaðu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfniviðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmiði í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Haustið 2021 verður öll birting og utanumhald námsmats færð inn í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir 6 - 10 vikna tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

Skipulag kennslunnar

Umsjónarkennarar eru þrír og fer undirbúningur kennslustunda fram í teymisvinnu. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum í árganginum. Nemendahópnum er skipt upp á 6-8 vikna fresti allt skólaárið. Nemendur fara í sund einu sinni í viku og íþróttir tvisvar sinnum. Smiðjur eru einu sinni í viku, 2 kennslustundir í senn og fjölval ein kennslustund í viku. Einu sinni í viku er hreyfing, bæði skipulögð og frjáls. Morgunsamvera þrisvar í viku, þ.e. einu sinni í viku þar sem nemendur koma á svið og sýna.

Námsáætlun

Stærðfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Getur: tekið þátt í umræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.</p> <p>tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.</p> <p>safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.</p> <p>talið, flokkað og skráð, lestið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.</p> <p>leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.</p> <p>túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.</p> <p>notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, kubba, talnalínu, vasareikna og spjaldtölvu, til rannsókna á stærðfræði.</p> <p>Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum dæmum.</p> <p>notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin</p>	<p>Samræður um stærðfræði</p> <p>Unnið með hlutbundin gögn eins og kubba, talnagrindur</p> <p>Gagnasöfnun</p> <p>Flokkun og skráning</p> <p>Þrautalausnir</p> <p>Unnið með SPHERO bolta/kúlu og SPHERO Edu forritunar appið.</p> <p>Viðfangsefni úr daglegu lífi</p> <p>Hlutbundin gögn</p> <p>Læra á klukku</p>	<p>teljum hluti og fyrirbæri í nánasta umhverfi t.d. bíla á bílastæði og tré á skólalóð</p> <p>könnum fjölda hjóla á skólalóð</p> <p>gerum spurningarkannanir þar sem settar eru fram spurningar með 3 – 5 svarmöguleikum</p> <p>notum talningarstrik þegar fjöldi er talinn í stórum söfnum</p> <p>vinnum að lausn þrauta í litlum hópum</p> <p>vinnum að talningu með sætisgildakubbum</p> <p>spilum saman tuga- og hundaraðaspil með sætisgildakubbum</p> <p>spilum – fyrstur upp í 500 með teningum</p> <p>teljum upp í 1000 munnlega í samvinnu við aðra nemendur</p> <p>röðum hlutunum í röð, frá þeim stysta til þess lengsta</p> <p>röðum hlutunum eftir þyngd, frá léttasta hlutnum til þess þyngsta</p> <p>giskum á lengd og þyngd mismunandi hluta og skrifum svo niður ágiskun okkar</p> <p>mælum við og vigtum hlutina til að sjá hvert er rétta svarið</p>

<p>gögn, s.s. klukkuskífa</p> <p>·</p> <p>Leyst viðfangsefni sem spröttin eru úr daglegu lífi og umhverfi</p> <p>notað hugtök úr rúmfræði, s.s. form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi.</p> <p>borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar</p> <p>Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við margföldunardæmi.</p> <p>notað náttúrulegar tölur, raða þeim og bera saman</p> <p>notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi</p> <p>tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi</p> <p>Kanna og rannsaka með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum</p> <p>Kanna, búa til og tjá okkur um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spá fyrir um framhald mynsturs</p> <p>nota tugakerfisrithátt</p> <p>reikna með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og</p>	<p>Formgerð hluta</p> <p>Túlkun á niðurstöðum</p> <p>Endurtekin samlagning</p> <p>Viðfangsefni úr daglegu lífi</p> <p>Mismunandi reikniaðgerðir</p> <p>Unnið með SPHERO bolta/kúlu og SPHERO Edu forritunar appið.</p> <p>Mynstur</p> <p>Æfa að skrifa tölur í tugakerfinu</p>	<p>vinnum í 8-10 manna hópum, nemendur mæla hvern annan og búa til töflu yfir hæð.</p> <p>Nemendur fá klukku með hreyfanlegum vísum. Kennari nefnir ýmsar tímasetningar og nemendur eiga að stilla klukkurnar sínar eftir því.</p> <p>Nemendur leita af því formum í kennslustofunni og/eða úti, skrá þau niður eða teikna myndir af þeim.</p> <p>Nemendur búa til rúmfræðiform með plastkubbum. Þegar nemendur eru búnir að búa til formin þá telja þeir fleti, horn og hliðarbrúnir.</p> <p>Nemendur fá teningslaga kubba og eiga að byggja kubbastafla. Að því loknu skoða þeir staflann og skoða botninn og teikna á blað. Nemendum skipt í hópa upp við töflu, t.d. 5 nemendur og þeir halda á 3 kubbum hver. Kennari spyr síðan hvað það eru margir kubbar alls.</p> <p>Nemendur fara utanbókar með eina margföldunartöflu í einu fyrir kennarann sem þeir hafa verið að læra heima</p> <p>ræðum hvað við getum tengt við deilingu</p> <p>„leikum“ ýmis deilingardæmi</p> <p>notum áþreifanlega hluti til að skipta bæði jafnt og</p>
---	--	---

<p>óhlutbundinn hátt.</p> <p>Leysa viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með skriflegum útreikningum</p> <p>taka þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar- og frádráttardæmi</p> <p>Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.</p> <p>Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.</p>	<p>Dæmi úr daglegu lífi</p> <p>Finna eigin leiðir til að reikna</p> <p>Átti sig á líkindum</p> <p>Samvinna og umræður við aðra</p>	<p>Ójafnt</p> <p>vinnum í litlum hópum með hjálpargögn sem auðvelt er að skipta</p> <p>búum til deilingardæmi og skrifum niður</p> <p>notum peninga til að skrifa eða teikna reikningssögur í deilingu og skrifa sem deilingardæmi</p> <p>Ræðum um samhverfu og rúmfræðiform</p> <p>Skoðum myndir og finnum samhverf form og spegilása þar sem notaðir eru speglar til aðstoðar</p> <p>Leitum að samhverfum hlutum í umhverfinu bæði inni og úti</p> <p>Finum samhverfar myndir í dagblöðum og tímaritum, klippum út og limum á blað</p> <p>Búum til samhverfa mynd með því að brjóta blað í tvennt og setja svolítið af málningu í mismunandi litum á aðra hliðina. Brjótum blaðið saman. Þá hefur málningin dreifst í samhverfu mynstri á báðar hliðar blaðsins</p> <p>Búum til samhverfa mynd með því að brjóta saman pappírí miðjunni og klippa út mynstur</p> <p>Litum og teiknum samhverfar myndir og teiknum spegilása á myndirnar</p> <p>Búum til samhverf mynstur um einn og tvo spegilása með kubbum sem raðaðir eru á rúðunet</p> <p>Búum til flugdreka sem er</p>
--	--	---

		<p>skreyttur með samhverfu mynstri</p> <p>Ræðum saman um verð hluta og að tölurnar eru settar saman úr mismunandi tölustöfum sem hafa mismunandi gildi eftir því í hvaða sæti þeir eru.</p> <p>Skoðum hvernig tölurnar tengjast fjölda krónupeninga, tikalla, hundraðkalla o.sfrv.</p> <p>Æfum okkur að skrifa tölur. Nemendur vinna saman þar sem annar lætur hinn fá peningaupphæð og sá að skrifa með tölustöfum hver upphæðin er.</p> <p>bera saman verð, Skoða auglýsingabæklinga og gera verðsamanburð, gera yfirlit yfir hvað er í boði og raða vörunum eftir verði.</p> <p>rökræðum við aðra og íhugum og veltum vöngum yfir viðfangsefni</p> <p>rifjum upp hvað jöfnumerkið þýðir: jafn mikið báðum megin við</p> <p>við finnum hvaða tölur eiga að koma í staðinn fyrir X og gerum vinnuna áþreifanlegri t.d. með því að nota kubba eða talnalínu</p> <p>búum til talnaverkefni fyrir hvert annað þar sem þarf að finna hvaða tala á að koma í staðinn fyrir X</p> <p>æfum okkur að tvöfalda upphæðir á mismunandi vegu t.d. með samlagningu eða teikna peninga</p> <p>æfum okkur að telja 1, 10, 100 skref í einu, bæði aftur</p>
--	--	--

		<p>á bak og áfram</p> <p>leikum okkur að því að búa til talnarunur þar sem ákveðið mynstur einkennir talnarununa t.d. með því að teikna talnarunurnar á tóma talnalínu, bæði stækkandi og minnkandi</p> <p>ræðum mismunandi aðferðir við að búa til tölur</p> <p>gerum sätiskerfið áþreifanlegt með einingakubbum, tuglengjum og hundraðplötum eða með peningum</p> <p>skiptum tölum upp eftir sätum</p> <p>búum til tölur með sätisgildiskubbum</p> <p>teiknum peninga og leggjum saman</p> <p>förum í búðarleik</p> <p>æfum uppsetningu samlagningar- og frádráttardæma og reiknum</p> <p>Látið nemendur öðlast áþreifanlegri reynslu af því að skipta ákveðinni heild. Það má t.d. skipta ávexti í tvo, þrjú eða fjóra hluta. Áhersla er lögð á að hlutirnir eiga að vera jafn stórir.</p> <p>Nemendur fá nokkra sentikubba í tveimur litum. Nemendur búa svo til ákveðna heild út frá fyrirmælum kennarars (t.d. $\frac{3}{8}$, $\frac{1}{6}$, $\frac{5}{8}$)</p> <p>Nemendur búa til orðadæmi þar sem reikna þarf með margföldun.</p> <p>Nemendur nota tvo teninga og reikningsbók. Þeir kasta teningunum og skrifa niður þær tölur sem upp koma</p>
--	--	--

		<p>með margföldunartákni á milli þeirra.</p> <p>Nemendur fara utanbókar með eina margföldunartöflu í einu fyrir kennarann sem þeir hafa verið að læra heima.</p> <p>veljum okkur vörur af forsiðu kaflans, skrifa niður innkaupalista og leggja vörurnar saman. Síðan reikna þeir hvað þeir eiga afgang eftir innkaupin.</p> <p>förum í búðarleik. Hver nemandi byrjar með ákveðna upphæð. Draga síðan spjald með mynd af því sem þeir kaupa og upphæð og draga hana frá því sem þeir eiga.</p>
--	--	---

Íslenska

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Talað mál, hlustun og áhorf		
Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.	Framburður	Lesi fyrir kennara. Semja texta frá eigin brjósti.
Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.	Leikræn tjáning	Lesi- segja frá eigin reynslu. Æfa sig að standa og tjá sig í ræðupúlti.
Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.	Endursögn	Endursegja textann. Hlusta með athygli. Hljóðlestur og heimalestur.
Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Samskipti og áheyrn	Læra að umgangast bókasafnið.
Lestur og Bókmenntir		
Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.	Skýr og áheyrilegur lestur	Velja bækur eftir getu og áhugasviði. Sögustund í stofu. Heimildarvinna.

<p>Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.</p> <p>Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.</p> <p>Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.</p> <p>Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.</p> <p>Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.</p> <p>Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.</p> <p><u>Ritun</u></p> <p>Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.</p> <p>Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.</p> <p>Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi</p> <p>Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.</p> <p>Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.</p> <p><u>Málfræði</u></p> <p>Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.</p> <p>Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</p>	<p>Valið lestrarefni eftir getu nemanda</p> <p>Yndislestur</p> <p>Sögugerð, aðal- og aukapersóna, söguþráður og boðskapur í texta</p> <p>Upplýsingaöflun</p> <p>Lestur úr myndrænu efni</p> <p>Val á lestrarefni við hæfi og getu</p> <p>Skrift</p> <p>Ritun og sköpun</p> <p>Ýmsar stafsetningarreglur</p> <p>Ritvinnsla</p> <p>Ritvinnsla</p> <p>Ýmis einkenni íslenskunnar</p> <p>Notagildi stafrófs</p>	<p>Sýnikennsla-töflukennsla.</p> <p>Heimildaleit.</p> <p>Þjálfun á tölvu og ipada.</p>
---	---	--

Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.	Orðflokkar	
Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.	Munur á rithætti með stórum og litlum staf	
Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	Leikur að orðum	

Náttúrufræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<u>Geta til aðgerða</u>		Umræður
Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.	Nánasta umhverfi	Myndbönd Hópavinna
<u>Gildi og hlutverk vísindi og tækni</u>		Innlögn frá kennara
Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.	Bera virðingu fyrir umhverfinu	Vettvangsferðir Stjörnuverið Kynning á verkefnum
<u>Vinnubrögð og færni</u>		
Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.	Upplýsingaleit	
Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.		
Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.	Hlustun	
<u>Ábyrgð á umhverfinu</u>		
Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	Umhyggja fyrir umhverfinu	

<p><u>Lífsskilyrði manna</u></p> <p>Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefnis.</p> <p>Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.</p> <p><u>Náttúra Íslands</u></p> <p>Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.</p>	<p>Hollar og góðar venjur</p> <p>Forvarnir</p>	
---	--	--

Samfélagsfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann</u></p> <p>Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.</p> <p>Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.</p> <p>Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.</p> <p>Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.</p> <p>Áttað sig á gildi samhjalpar í samfélaginu.</p> <p><u>Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</u></p>	<p>Mannleg gildi og virðing</p> <p>Umhverfisvitund</p> <p>Áhrif manns á náttúru</p> <p>Ólíkar fjölskyldur</p> <p>Samkennd</p> <p>Góðar fyrirmyndir</p>	<p>Nemendum er skipt upp í þrjá mismunandi hópa. Hver kennari tekur fyrir eitt viðfangsefni. Kafar djúp í það og leggur það fyrir hópinn.</p> <p>Umræður eiga sér stað í krók. Kennarinn stýrir umræður og nemendur verða að rétta upp hönd til að fá orðið. Allir fá tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri.</p>

Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.	Góð sjálfsmynd	
Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.	Tilfinningagreind	
Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.	Hollar og góðar venjur	
Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.		
<u>Félagsheimur - Samskipti:</u> <u>Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</u>	Setja sig í spor annarra og samkennd fyrir náunganum.	
Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.	Skoðanaskipti	
Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.	Munur réttindum og forréttindum	
Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Samskipti	
Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Góð og slæm áhrif	
Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna		

Upplýsingatækni

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.	Hópavinna	Allir fá tækjabúnað

Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.	upplýsingatækni	Kynning og notkun á tækni og forritun
Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.	Hugbúnaður, forritun	Kynning og notkun á tækni og forritun

Enska

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Hlustun</p> <p>Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p> <p>Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.</p>	Samræður	<p>Hreyfileikir</p> <p>Leikir</p> <p>Hlutverkaleikir</p> <p>Söngvar / lög</p>
<p>Lesskilningur</p> <p>Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina</p>	Hlustun og lesskilningur	<p>Munnlegar æfingar</p> <p>Endurtekning</p> <p>Hlustun</p> <p>Áhorf á myndbönd, myndir og kvikmyndir.</p> <p>Lesið og skoðið bækur</p>
<p>Samskipti</p> <p>Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.</p> <p>Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</p>	Lestur og samræður	<p>Gagnvirkt efni, öpp og æfingar</p>
<p>Frásögn</p> <p>Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.</p>	Frásögn	
<p>Ritun</p> <p>Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu,</p>		

<p>áhugamálum, vinum og umhverfi.</p> <p>Menningarlæsi</p> <p>Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</p> <p>Námshæfni</p> <p>Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</p>	<p>Ritun</p> <p>Samanburður á tungumálum</p> <p>Hóp- og samvinna</p>	
--	--	--

Texílmennt

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.</p> <p>Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.</p> <p>Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.</p> <p>Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.</p>	<p>Vinna eftir munnlegum og sýnilegum leiðbeiningum.</p> <p>Notkun á aðferðum og áhöldum í textíl</p> <p>Skissuvinna</p> <p>Umræður um föt, efni munstur</p>	<p>Nemendur:</p> <p>Gera bangsa þar sem þjálfast í skissugerð og huga að efnum og mynstrum og skrauti.</p> <p>Nota textíltússliti</p> <p>Festa saman efni með títuprjónum og mæla fyrir saumförum</p> <p>Vinna saumavélaræfingu</p> <p>Þjálfast í að sauma efni í saumavél</p> <p>Læra að fylla bangsana sína með tróði, og sauma saman með nál og tvinna</p>

Smíði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.</p> <p>Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.</p> <p>Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.</p> <p>Framkvæmt einfaldar samsetningar.</p> <p>Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</p>	<p>Notkun og val á verkfærum.</p> <p>Samsetningar</p> <p>Skissuteikning</p> <p>Hugmyndavinna</p> <p>Nýting efniviðar</p>	<p>Nemendur læra að nota litlar handsagir með því að saga út aukahluti fyrir lyklahúsið sitt.</p> <p>Nemendur læra að setja saman með því að þurfa að hanna og líma saman lyklahúsið.</p> <p>Nemendur læra mikilvægi skissuteikninga með því að að þurfa að koma hugmyndum sínum um lyklahúsið sitt, á framfæri til kennara með skissum.</p> <p>Nemandi lærir hugmyndavinnu með því að þurfa sjálfur að ákveða stærð og lögun aukahlutanna á lyklahúsinu, teikna upp og skissa og sjá hugmynd sína færast af blaði og yfir á smíðaðan hlut.</p> <p>Nemandi lærir að nýta efnivið sinn með því að fá aðeins fyrirfram mikið efni sem hann má ráða hvernig hann nýtir og hannar á</p> <p style="text-align: right;">Lyklahús</p>

Heimilisfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Matur og lífshættir</p> <p>Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.</p> <p>Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.</p>	<p>Hollur matur og áhrif hans á heilsu.</p> <p>Fylgja leiðbeiningum um handþvott og frágang.</p>	<p>Umræður og verkleg vinna.</p> <p>Umræður og verkleg vinna. Uppvask og frágangur.</p>
<p>Matur og vinnubrögð</p> <p>Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir</p> <p>Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.</p> <p>Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.</p>	<p>Útbúa einfaldar máltíðir.</p> <p>Þjálfast í að fara eftir uppskrift og í að nota viðeigandi mæli- og eldhúsáhöld.</p> <p>Hættur í eldhúsinu.</p>	<p>Verkleg vinna. Útbúa einfaldar máltíðir, vaska upp og ganga frá.</p> <p>Verkleg vinna. Þjálfast í að fara eftir uppskrift. Uppvask og frágangur.</p> <p>Umræður.</p>
<p>Matur og umhverfi</p> <p>Skilið einfaldar umbúðamerkingar</p>	<p>Umbúðir matvæla.</p>	<p>Umbúðir matvæla skoðaðar og ræddar.</p>
<p>Matur og menning</p> <p>Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.</p>	<p>Jákvæð samskipti, þjóðlegur matur, helstu hátíðir og siðir.</p>	<p>Kynning á helstu hátíðum og siðum.</p> <p>Umræður.</p>

Skólaíþróttir og sund

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert æfingar sem reyna á þol.	Þolæfingar	Þjálfar upp þol með hlaupaleikjum og þolsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.

Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Lipurð og samhæfing	Kennsla í stöðvaþjálfun og þrautabrautum. Æfingar á jafnvægisslá, sipp og hinar ýmsu fimleikaæfingar.
Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.	Boltafærni	Kennsla og boltahæfni í hinum ýmsu boltaíþróttum. Boltaæfingar við hæfi, kasta, grípa og knattrak.
Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.	Sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund, skriðsund	Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotar upp og einnig æft í heild sinni.
Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.	Tilfinningar í leikjum.	Umræða fyrir og eftir leik. Inngrip í miðjum leik ef þörf þykir. Tekin sýnidæmi um rétt og röng viðbrögð. Rætt um hvað einkennir íþróttamannslega hegðun.
Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.	Þátttaka í gömlum íslenskum leikjum	Virkja nemendur til þátttöku og skemmtunar í leik. Sýnikennsla og leikir æfðir reglulega til að nemendur framfylgi leikreglum og njóti þessa að taka virkan þátt.

Sviðslist

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
-------------	--------------	--------

<p>Dans.</p> <p>*Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.</p> <p>*Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.</p> <p>*Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur.</p> <p>* Tekið tillit til jafningja í samstarfi.</p> <p>*Hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin.</p> <p>Leiklist.</p> <p>*Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.</p> <p>*Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.</p> <p>* Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum.</p> <p>* Lýst leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Hreyfiflæði. ➤ Skapandi dans. ➤ Dans með tónlist. ➤ Hugmyndavinna ➤ Virk hlustun. <ul style="list-style-type: none"> ➤ Virðing. ➤ Búninganotkun. ➤ Hlustun. ➤ Hugmyndarflæði. 	<p>Upphitun. Farið er yfir grunnstöður jóga og líkaminn hitaður upp með teygjum og öndunaræfingum.</p> <p>Nemendur kynnst takti í gegnum dans með taktvissri tónlist sem kennari leiðbeinir og sýnir.</p> <p>Nemendur kynnst ýmsum danstegundum. Þeim er skipt í hópa. Hópurinn hannar dans með ákveðnum dansstíl í huga.</p> <p>Samræður í hópnum. Hvernig tjáum við okkur? Afhverju? Er það nauðsynlegt?</p> <p>Kennarinn hjálpar nemendum að blanda tilfinningum, upplifun í dansverk í hópavinnu.</p> <p><i>-Æfingar í rýmismeðvitund og að efla sköpunarkraft.</i></p> <p>Nemendur ganga um gólf með skýrum fyrir mælum kennarans. Kennarinn biður hópinn að breyta sér í ýmislega hluti, persónur og ímynda sér að þau séu stödd í ólíkum aðstæðum.</p> <p><i>-Látbragðsæfingar.</i></p> <p>Mime leiktúlkun skoðuð með Charlie Chaplin og Marcel Marceau og Mr Bean . Nemendur herma eftir ýmsum starfsheitum og setja sig í stöðu fólks í samfélaginu með látbragðsleik.</p> <p><i>-Framkoma.</i></p> <p>Margvíslegar æfingar uppá sviði. Kynningar um þau sjálf og persónur sem þau hafa skapað. Hópurinn æfir sig líka að vera áhorfandi, hlusta og hvetja hvort annað.</p> <p><u>Aðalverkefni.</u></p> <p>Spunaleikrit. Nemendur búa til fígúrur úr litríkum pípu hreinsi, pappír og ýmsum hlutum og hanna persónur og söguna sjálf.</p>
--	--	--